



327. fundur Afrekssjóðs ÍSí 28. janúar 2025 kl. 12.00

Mætt öll á Teams

Stjórn: Daníel Jakobsson (DJ) formaður, Þórey Edda Elísdóttir (ÞE), Guðrún Inga Sívertsen (GS), Stefán Jóhannesson (SJ)

Fjarverandi: Sigrún Ámundadóttir (SÁ)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSí (AS), Vésteinn Hafsteinsson afrekstjóri ÍSí (VH)

1. Úthlutun á nýju fjármagni í afreksstarf

KSR, VH og AS fóru yfir stöðuna á úthlutun á nýju fjármagni í afreksstarf. Vinnuhópur var myndaður úr starfshópnum sem vann skýrslu um tillögur að fyrirkomulagi afreksstarfs. Hópurinn hefur unnið að mótun útfærslna á úthlutun á nýju fjármagni í afreksstarf. Funduðu Brynja Guðjónsdóttir, KSR og AS einnig nokkrum sinnum með hópnum og þá vann KSR að útreikningum að úthlutun með hópnum.

Í vinnuhópnum var unnið út frá því að hið nýja afreksfé færi í eftirfarandi fimm þætti árið 2025 í samræmi við skýrslu starfshópsins:

1. Stuðningur við sérsambönd vegna landsliðsverkefna
2. Stuðningur við sérsambönd vegna stórmótaþátttöku
3. Framfærslukostnaður afreksfólks og þjálfara
4. Kostnaðarþátttaka forráðamanna í landsliðsstarfi
5. Stofnun Afreksmiðstöðvar Íslands, (AMÍ-Team Iceland)

Vinnuhópurinn ákvað að setja úthlutun á styrkjum til sérsambanda í forgang og vinna að úthlutun fyrstu tveggja þáttanna sem fyrst.

Eftir að vinnuhópurinn hafði mótað tillögur að forsendum úthlutunar til sérsambandanna var fundað með nokkrum sérsamböndum í tvígang til að fá álit þeirra á tillögnum og hugmyndir um fjárhæðir og útfærslur.

Í framhaldinu voru tillögurnar fullmótaðar og birtar stjórn Afrekssjóðs.

Í meginráttum gera tillögurnar ráð fyrir úthlutað verði 120mkr. í grunnstyrki í landsliðsstarf. Skiptist styrkurinn í samræmi við kostnað sérsambanda við afreksstarf síðustu fjögurra ára.

Þá verði 180mkr. úthlutað í stórmótaþátttöku. Skiptast 162mkr. í samræmi við stórmótaþátttöku sérsambanda síðustu fjögurra ára. 18mkr. skiptast skv. tillögu vinnuhópsins og byggja á árangri og heildarúthlutun hvers sérsambands.

Hámark er sett á úthlutun til sérsambanda og fer ekki yfir 65% af áætluðum kostnaði við afreksstarf 2025 eða 75% af meðalkostnaði afreksstarfs sl. fjögurra ára.

Gert er ráð fyrir að vinnuhópurinn leggi tillögurnar fyrir framkvæmdastjórn á fundi 30. janúar.

Umræður fóru fram um aðkomu Afrekssjóðs að þessari úthlutun. Taldi stjórn sjóðsins ekki rétt að úthlutunin kæmi frá sjóðnum þar sem hún hafði ekki haft aðkomu að vinnunni við úthlutunina. Hins vegar væri hægt að nýta regluverk Afrekssjóðs við útgreiðslur, utanumhald og eftirfylgni með styrkveitingum.

Væri svo gert ráð fyrir að á næsta ári yrði nýtt fyrirkomulag viðhaft á úthlutun þessa fjármagns og fjármagni úr Afrekssjóði. Ekki er búið að útfæra slíkt fyrirkomulag.

GS og ÞE yfirgáfu fundinn kl. 12.55

2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 13.01